

FRÍMÚRARINN

1. tölublað, 5. árgangur. Apríl 2009




Fréttablað Frímúrarareglunnar á Íslandi

Fyrstu húsakynni Reglunnar á Íslandi

Stórhátíð 2009

Húsvígsla á Selfossi

Viðbrögð við áföllum og mótlæti



Allt frá hatti oní skó



Hátiðavesti (5 hnappa)



Lakkskór (ný tegund)



Hattar



Kjölskyrtur



Snapsa-glös



Gjafavara - Gjafavara - Gjafavara - Gjafavara



Viski-glös



Koniaks-glös



Karaffla með 4 glösum

Fylgihlutir - Fylgihlutir - Fylgihlutir



Ermahnappar



Brjósthnappar



Lindaklemma/bindisnæla



Smeygur



Múrskeið sem bréfa hnifur



ADAM

Laugavegi 47 - Sími: 551 7575 & 552 9122

**Útgefandi**

Frímúrarareglan á Íslandi
Skúlagötu 53-55,
Pósthólf 5151, 125 Reykjavík

Ritstjóri

Steinar J. Lúðvíksson (X),
stjl@simnet.is

Ritstjórn

Gunnlaugur Claessen YAR (ábm.)
Guðbrandur Magnússon (IX)
gudbrandur.magnusson@gmail.com

Jónas Gestsson (X)
jonasgestsson@simnet.is

Páll Júlíusson (IX)
pj@pj.is

Steingrímur S. Ólafsson (IX)
denni@islandia.is

Auglýsingar

Páll Júlíusson (IX)
pj@pj.is

Prófarkalestur

Bragi V. Bergmann (VI)
bragi@fremri.is

Netfang

Greinar sendist til
frimur@centrum.is
merktar: Frímúrarinn

Prentun:

Prentmet Suðurlands, Selfossi

Efni greina í blaðinu eru skoðanir höfunda og þurfa ekki að vera í samræmi við skoðanir Reglunnar.

Höfundar efnis framselja birtingarrétt efnisins til útgefanda. Ritstjórn áskilur sér rétt til að ritstýra aðsendu efni.

Forsíðumynd

Forsíðumyndin er af húsi Nathan & Olsen að Austurstræti 16 þar sem síðar var Reykjavíkurapótek. Á efstu hæð hússins hafði Frímúrarareglan á Íslandi sitt fyrsta aðsetur.

„Markmið Reglunnar er að göfga og bæta mannlífið. Reglan vill efla góðvild og drengskap með öllum mönnum og auka bróðurpel þeirra á meðal.“

Gerir Frímúrarareglan gagn?

Á næsta ári verður þess minnst í Svíþjóð að þá eru liðin 275 ár frá því frímúrarastarf hófst þar í landi. Og nú eru aðeins átta ár þar til minnst verður 300 ára afmælis ensku stórstúkunnar. Frímúrarareglur eru því með elstu menningarstofnunum í heiminum. Það er því ekki óeðlilegt að menn spyrji sig hvort svona gamall félagsskapur geri ennþá gagn og hvort hann falli inn í nútímasamfélag.

Reyndar er það ekki aðeins aldurinn sem vekur upp spurningar heldur ekki síður sú staðreynd að starfsemin hefur lítið breyst allan þennan tíma.

Og þá vekur það ekki síður athygli að frímúrarastarf hefur lifað af allar umbreytingar og byltingar, jafnvel þó að henni hafi á fyrri tímum sérstaklega verið sótt af valdamiklum einræðisöflum og þjóðfélagsstofnunum.

Loks er ástæða til að velta því fyrir sér hvaða erindi Reglan á í nútímanum þar sem breytingar eru eftirsóknarverðar breytinganna vegna og flestu umturnað í þágu nýjunga.

Frímúrarareglan stundar mannrækt. Hún skapar umgjörð og veitir efnivið í leitandi hugsun bræðranna. Og Reglan beinir sjónum þeirra að sínum innri manni og hvetur til eigin framfara. Þetta hefur reynst eilíft verkefni því manneskjan breytist lítið. Hún hefur alltaf þörf fyrir leiðbeinandi starf við mannræktina. Og þess vegna gerir Frímúrarareglan gagn.

Þetta kemur hvað best í ljós þegar aðstæður í þjóðfélaginu breytast til hins verra.

Efnahagslegt áfall síðustu mánaða á Íslandi hefur til dæmis orðið til þess að fundarsókn í Frímúrarareglunni



Valur Valsson SMR

reglunni hefur aukist umtalsvert víða um land. Í stúkunum í Reykjavík er aukningin um 10% frá fyrra starfsári.

Á stúkufundum finna bræður skjól og hvíld frá umróttinu í samfélaginu og fyrir fjölmiðlaágangi. Á stúkufundum geta bræður horft inn á við og hvílt hugann og jafnframt hitt vini og félag. Þar endurnýja menn rafhlöður sínar og styrkja sig sem manneskjur. Og þess

vegna gerir Frímúrarareglan gagn.

En þótt starfið hafi lítið breyst í hundruð ára þá hefur Frímúrarareglan lagað sig að aðstæðum bræðra og samfélagsþróuninni. Og við erum enn að. Nú er í undirbúningi stofnun tveggja nýrra stúka í Reykjavík sem verða með nýju sniði. Önnur nefnist Rannsóknarstúka og þar verður lög áhersla á rannsóknir og fræðslu um hin margslungnu fræði frímúrarara. Hin stúkan er nefnd Hádegisstúka og er fyrst og fremst ætluð bræðrum sem eiga erfitt með að mæta á kvöldfundi eða sitja langa fundi. Í þessum stúkum fara ekki fram stigveitingar. Þátttakendur verða áfram í sínum Jóhannesarstúkum og taka stig eftir hefðbundnum leiðum.

Þessar stúkur verða sennilega stofnaðar á næsta ári. Þær eru nýjung og vænti ég þess að þær verði til að efla frímúrarastarfið enn frekar.

Þannig sækjum við fram en höldum samt fast í gamlar hefðir og siði. Þar er grundvöllurinn sem hefur reynst svo haldgóður og tryggir að við getum sagt með sanni að Frímúrarareglan geri gagn.

Valur Valsson,
stórmeistari Frímúrararreglunnar
á Íslandi

REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST



Arnór L. Pálsson
frankvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson
útfarastjóri



Frimann Andrésson
útfararþjónusta



Svafar Magnússon
útfararþjónusta



Hugrún Jónsdóttir
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta



Þorsteinn Elísson
útfararþjónusta



Ellert Ingason
útfararþjónusta

*Þegar andlát
ber að höndum*

*Önnumst alla þætti
útfararinnar*



ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is



Hjá Úlfari

**Er fiskur of góður
fyrir þig?**

Loftræstikerfi



Kerrusmíði



Ál og Stálsmíði



Öll almenn blikksmíðavinna

**BLIKKSMÍÐJAN
BORG ehf.**

Flugumýri 8 • 270 Mosfellsbæ
Sími: 587 6040 • Fax: 587 6045
Frankvæmdastjóri: Sigurður B Hansen



Meðal gripa í sýningarskáp í Regluheimilinu er sænskt fræðslukver um reglu frímúrara, sem Grímur Thomsen, skáld og frímúrari, átti en það kemur fram á fyrstu blaðsíðu þess. Karl Guðmundsson var sennilega fjórði eigandi þess eftir daga skáldsins. Ennfremur má þarna sjá allstóran kertastjaka, sem br. Sigurjón Jóhannsson vélstjóri smíðaði og gaf vini sínum Karli í afmælisgjöf.

Gjöf Karls Guðmundssonar til Reglunnar

Br. Karl Guðmundsson, R&K, sem nú er 84 ára gamall, gekk í Frímúrararegluna árið 1955 og hefur starfað þar af miklum þrótti frá upphafi fram á síðustu ár. Störf hans verða ekki rakin hér, en aðeins skal nefnt að hann hefur gegnt fjölmörgum embættum innan Reglunnar og var síðast Hersir Stórmeistarans í 11 ár.

Á löngum frímúrariferli sínum hefur hann einnig stundað rannsóknarstörf á fræðum frímúrara af mikilli elju og hafði um árabíl aðstöðu til þess í herbergi á fyrstu hæð í eldri hluta Regluheimilisins við Borgartún.

Í október síðastliðnum greindi hann Stórmeistara Frímúrarareglunnar frá því að hann teldi þessum störfum sínum nú vera lokið og færði Reglunni um leið að gjöf það, sem herbergið hafði að geyma, og var allt persónuleg eign Karls. Um var að ræða allmarga muni og bækur sem í mörgum tilvikum voru gjafir til hans á hátíðisdögum frá íslenskum og er-

lendum vinum og samstarfsmönnum, en umfram allt mörg hundruð skjöl sem eru árangur rannsóknarvinnu Karls um fjölmargt í fræðum frímúrara.

Enginn vegur er til þess hér að rekja efni þessara gagna en látið við það sitja að nefna sérstaklega eitt verka hans. Frímúrarareglan á Íslandi er reist á hinu svokallaða sænska frímúrarakerfi, sem einnig á við um reglur frímúrara í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Frumhöfundur þessa kerfis var sænskur maður að nafni Carl Fredrick von Eckleff, fæddur 1723, en aðrir menn unnu verkið áfram eftir lát hans og fullgerðu það.

Karl Guðmundsson hefur nú afrek að að þýða alla fræðabálka Eckleffs, 1.–9. bók, sem er ekkert minna en þrekvirki. Þá verður líka að hafa í huga að viðfangsefnið var ekki beinlínis aðgengilegt, enda þýtt úr fornu sænsku ritmáli. Þetta hefur Karl gert af þeirri nákvæmni, sem einkennir öll

störf hans. Þótt ekki sé nema fyrir þetta eina verk er gjöf hans Reglunni mikils virði og fyrir það eru honum færðar einlæggar þakkir.

Á vegum Fræðaráðs Frímúrara-reglunnar hefur gjöfin nú verið skrásett í heild sinni og einstökum hlutum komið fyrir til varðveislu í skjalasafni, minjasafni og bókasafni Reglunnar eftir því sem við á.

Fáeinum munum og skjölum hefur verið komið fyrir í sérstökum sýningarskáp í Regluheimilinu, þar sem hann verður hafður til loka þessa starfsárs. Meðal þess, sem þar er að finna, er ein blaðsíða úr siðabálkum Eckleffs með rithönd hans sjálfs og þýðing Karls Guðmundssonar við hlið hennar.

Gjöf Karls verður að öðru leyti aðgengileg á söfnum Reglunnar fyrir þá sem vilja kynna sér hana nánar.

*Gunnlaugur Claessen,
oddviti Fræðaráðs*



Myndin er tekin við vígsluhátíð „háaloftsins“ (turnherbergisins) í Austurstræti 16. Á myndinni eru í fremri röð frá vinstri: Jónas Guðmundsson, Valgeir Guðjónsson, Sigurður Þórðarson, Pétur Guðmundsson, Frantz A. Hákonsson, Helgi Jónasson, Högni Halldórsson, Guðbergur G. Jóhannsson, Þórarinn Guðmundsson, Carl Olsen og Þorsteinn Sch. Thorsteinsson. Aftari röð frá vinstri: Snæbjörn G. Jónsson, Óskar Gíslason, Guðmundur M. Björnsson, Árni Snævarr, Ársæll Árnason, Kristinn Pétursson, Gústaf A. Pálsson, Tómas Tómasson, Axel Kristjánsson, Sigmundur Halldórsson, Óli J. Ólason, Guðmundur St. Gíslason, Gísli Halldórsson, Hörður Bjarnason, Ágúst Jóhannesson, Þorgeir Guðmundsson, Helgi Magnússon, Haraldur Johannessen og Gunnar Einarsson. Myndin var tekin um 1941, en Reglan hafði haft aðsetur á efstu hæð hússins frá 1917.

Fyrstu heimkynni Reglunnar



Forsíðumyndin er af húsi Nathan & Olsen að Austurstræti 16 þar sem síðar var Reykjavíkrapótek. Á efstu hæð hússins hafði Frímúrarareglan á Íslandi sitt fyrsta aðsetur.

Minningar frá frímúrarastarfinu í fyrstu heimkynnum reglunnar Austurstræti 16 (nú Reykjavíkur apótek. Natan & Olsen húsið var það kallað í „gamla“ daga, því fyrirtækið Natan & Olsen byggði húsið. Húsameistari var br. Guðjón Samúelsson, síðar húsameistari ríkisins. Annar aðaleigandi var br. Carl B. H. Olsen, stórkaupmaður. Eftir því sem teikningar sýna, hefur frá upphafi verið gert ráð fyrir, að Frímúrarareglan hefði efstu hæð hússins til sinna nota.

Nokkru eftir 1940 var orðið svo þröngt í þessu gamla og viðkunnanlega húsnæði, að eitthvað varð að gera til úrbóta. Mikið var rætt um að byggja yfir regluna nýtt hús, ágætis lóð var fengin vestur á Melum, þar sem Hótel Saga stendur nú (Bændahöllin). Búið var að kaupa þó nokkurt byggingarefni,

teikningar voru fyrir hendi o.s.frv. Fyrsta skóflustungan var tekin, allt virtist í lagi, en þá kom algjör neitun á byggingarleyfi, vegna allra þeirra hafta, sem voru í gildi og annarra erfiðleika vegna styrjaldarástandsins sem þá var. Þessi þáttur er svo kunnur að ekki verður hann umtalaður frekar hér.

Þannig hagaði til í hinu gamla húsnæði reglunnar að þar var ris (hanabjálki). Háaloftið var allt undir súð nema turnherbergið í norðurhorni. Fremst á þessu háalofti hafði reglan fatageymslu. Þar voru einnig geymd einkenni br. í járnskápum, sem enn eru notaðir í Borgartúni.

Það var um helmingur háaloftsins sem reglan hafði, hinn hlutann notaði þáverandi eigandi sem „lagerpláss“ fyrir apótekið, br. Þorsteinn Scheving Thorsteinsson. Svo var

Það einu sinni er góðvinur minn og br. Frantz A. Hákonsson (d. 22.5.1946), bakaramleistari var að tala við mig, að hann segir: „Það væri hægt að laga mikið í bili, ástandið í húsnæðismálum reglunnar, ef við gætum fengið allt háaloftið fyrir okkur, en það er sennilega ekki hægt, því Scheving notar innri hlutann sem geymslu.“ Ég sagði: „Þú ættir nú að tala við Scheving og útskýra fyrir honum málið.“ Hákonsson taldi það víst vonlítið, að mig minnir, en svo nokkru síðar kemur hann til mín í heimsókn og venju fremur broshýr. „Ég er búinn að tala við Scheving, sem gaf samþykki sitt strax, og við þurfum ekki að greiða neina leigu fyrir plássið. Hann er samur við sig þegar reglan á í hlut. Búinn að leigja sér lagerpláss niður við höfn. Svo nú þarf að flytja lagerinn strax niðureftir, svo að við getum byrjað að setja nýja húsnæðið í stand.“

Nokkrir hressilegir bræður voru fengnir til hjálpar og gekk verkið vel. Smám saman komu fleiri í hópinn, enda allir innilega velkomnir sem vildu leggja hönd á plóginn. Eins og meðfylgjandi mynd sýnir vorum við orðnir þrjátíu talsins. Myndin er tekin við víglu háaloftsins, þegar verkinu var lokið og húsnæðið fullbúið til notkunar.

Allir höfðu bræðurnir lagt eitthvað af mörkum, vinnu, efni, húsgögn, þilofna (rafmagns), málningu, dúka á gólf, o.s.frv., eða nánast allt sem til þurfti, að ógleymdum peningum. Þorsteinn Scheving kom svo með þriggja álna ljósastjaka frá konu sinni, ásamt góðum óskum, þegar reisugildið var haldið.



Myndin er tekin í tilefni af ferð nokkurra bræðra til að skoða minjar frá veru Frímúrarareglunnar í Austurstræti 16. Á myndinni eru frá vinstri: Eggert Steinþórsson, Ólafur Brynjólfsson, Guðlaugur Guðjónsson, Örn Jóhannsson, Halldór Ólafsson, Ragnar Borg og Örn Þór Arnarson. Ljós. Jón Svavarsson.

Pakkir voru Scheving færðar fyrir velvilja hans, bæði fyrr og ekki síst nú. Ákveðið var að boða St.m. Eddu og Helgafells í kaffi næstkomandi sunnudagsmorgun og afhenda þeim þetta viðbótarhúsnæði til notkunar, og var það gert.

Þetta aukna húsnæði kom að miklum notum fyrir regluna þann tíma, sem hún átti eftir að starfa á þessum stað. Ég held, að öllum br. hafi þótt vænt um háaloftið, sem þar komu, og það svo, að ákveðið var að opna kaffistofu þar á daginn 2-3 tíma. Þangað komu margir br. og sumir daglega til að hittast, fræðast og tengja vináttuböndin nánar. Sýnir gestabók háaloftsins það best. Br. Högni Halldórsson, varðveitti hana ásamt ýmsu öðru viðkomandi þessu tímasteiði.

Háaloftið var starfrækt, þangað til Frímúraraljósið var flutt í Borgartún, árið 1951. Kom háaloftið oft að góðum notum við reglustarfið, lestur,

stigveitingar o.fl. Undirritaður fékk leyfi til að skoða gerðabók reglunnar frá þessum tíma, til að hressa upp á minnið. Þar var háaloftið hvergi nefnt, utan einu sinni. Árið 5945.4.20 (skrá nr. 443). Br. Haraldur Jóhannessen bað um orðið, talaði nokkur orð um háaloftið til þess að vekja athygli bræðra á kaffistofunni.

Nú þegar eru margir háaloftsbræður látnir og þeir sem enn lifa orðnir fullorðnir. Þegar ég hugsa til þessara góðu bræðra finnst mér að þeirra þáttur megi í heiðri hafður, og á þetta framtak megi minnast, ekki síður en annað.

Reykjavík 16. október, 1973

Þorleifur Óskar Gíslason. (Óskar var þekktur gullsmiður í Reykjavík og hafði verslun á Skólavörðustíg. Hann gekk í Regluna 1939 og lést 1980).

Íslenskt handverk
efnismiklir og vandaðir hringar
smíðaðir af Ívari Björnssyni,

*Lattu sjá þig
við tökum vel á móti þér!*

Áttundu gráðu hringur



Frímúrarahringurinn



hver hringur er númeraður og skráður

bjóðum alla gull og silfursmíði,
sérsmíði, leturgröft
og viðgerðir.

Gull & Demantar
IVAR BJÖRNSSON
GULLSMÍÐUR OG LETURGRAFARI
skólavörðustíg 2 - sími 562 2222 & 551 1290 -fax 562 2282



Á Stórhátíð voru tveir bræður vígðir til R&K, þeir Þorsteinn Eggertsson og Vigfús Þór Árnason, sem hér eru ásamt Vali Valssyni, stórmeistara Frímúrarareglunnar á Íslandi. Ljós. Matthías Jóhannsson.

Stórhátíð 2009

Stórhátíð Reglunnar var haldin 19. mars 2009 og sóttu 248 bræður hátíðina. Það er nokkru meira en í fyrra og einn mesti fjöldi sem sótt hefur Stórhátíð í mörg ár. Þessi mikla fundarsókn bræðranna á Stórhátíð er í samræmi við almennt aukna fundarsókn á fundi Reglunnar á starfsárinu, sem væntanlega bendir til þess að innan Reglunnar finni bræður styrk og frið í ölduróti þess ástands sem nú ríkir í þjóðfélaginu.

Á fundinum voru tveir bræður vígðir til R&K, þeir br. Vigfús Þór Árnason og br. Þorsteinn Eggertsson.

Tveir R&K létu af embættum á þessum fundi en það eru br. Þórir Stephensen, sem lét af embætti ÆKR og br. Þórður Óskarsson, sem lét af embætti ST.R. Þá lét bróðir með heiðursmerki Reglunnar, Örn Jóhannsson, af embætti Yf.Kv. SMR Valur Valsson þakkað þeim fyrir vel unnin störf í þágu Reglunnar og bræðranna.

R&K br. Örn Bárður Jónsson var skipaður til þess að vera ÆKR og R&K br. Úlfar Guðmundsson var skipaður til þess að vera SÆK.

Í Landsstúkunni urðu þær breytingar helstar að R&K br. Vigfús Þór Árnason var skipaður til þess að vera St.Km og R&K br. Þorsteinn Eggertsson var skipaður til þess að vera St.R. Breytingar voru gerðar meðal embættismanna í Landsstúkunni, Stúartstúkunni á Akureyri og ráðum Reglunnar sem of langt er að telja upp í þessari stuttu samantekt.

Á Stórhátíð flutti IVR, br. Þorsteinn Sv. Stefánsson, skýrslu um störf Reglunnar á liðnu starfsári. Þar kom meðal annars fram að í Frímúrarareglunni á Íslandi eru nú 3.374 virkir bræður.

Stólmeistaraskipti urðu í tveimur St.Andr.st. á starfsárinu. Br. Kristján Þórðarson lét af embætti í St. Andr.st. Heklu og var Halldór Jóhannsson kjörinn í hans stað og br. Pétur A. Maack lét af embætti í St.

Andr.st. Hlín og tók Hákon Birgir Sigurjónsson við af honum.

Á starfsárinu var haldið upp á 25 ára afmæli St. Jóh.st. Drafnar, 50 ára afmæli St. Jóh.st. Gimli, 15 ára afmæli Frímúrarakórsins og jafnframt var vígður nýr stúkusalur St. Jóh.st. Röðuls á Selfossi.

FHR br. Kristján S. Sigmundsson flutti skýrslu um fjárhag Reglunnar og kom fram í máli hans að á starfsárinu hafi verið hafist handa við viðhald innan húss í Regluheimilinu í Reykjavík sem hefur setið nokkuð á hakanum vegna kostnaðarsamra utanhússviðgerða að undanfögnu.

Við borðhaldið ávarpaði DSM br. Einar Einarsson nývígða R&K og þakkaði br. Vigfús Þór Árnason fyrir þeirra hönd.

Auðunn Ágústsson



Góðra vina fundur. Sr. Þórir Stephensen, R&K, ÆKR, br. Gunnlaugur Karlsson, fv. Stm. Sindri, br. með heiðursmerki Reglunnar (br. Gunnlaugur lést 5. febr. sl.), br. Einar Birnir, R&K, fv. DSM. Ljós. Jón Svavarsson.

Sindri fagnar 30 ára afmæli

Þrítugsafmæli St. Jóh.st. Sindra var fagnað með hátíðarfundum föstudaginn 21. nóvember að viðstöddu fjölmenni. Meðal gesta var SMR br. Valur Valsson, sem heiðraði stúkuna með nærveru sinni. Hátíðina sóttu einnig nokkrir úr æðstu stjórn reglunnar og fjölmargir gestir, sem setti skemmtilegan og ánægjulegan svip á hátíðina. Frímúrarakórinn flutti nokkur lög undir stjórn br. Jóns Kristins Cortes og Sindratónar sungu einnig nokkur lög undir stjórn br. Baldurs Þóris Guðmundssonar, og br. Hjörleifur Valsson lék á fiölu.

Stúkunni bærust jafnframt veglegar gjafir frá öðrum stúkum. Br. Halldór Jóhannsson og br. Sveinn Grétar Jónsson fluttu kveðjur frá öðrum stúkum. Sindrabræður eru þakklátir þeim fjölda bræðra sem heimsóttu stúkuna og fyrir hlýjan hug þeirra í garð Sindrabræðra.

Upphaf frímúrarastarfs á Suðurnesjum má rekja til þess að árið 1949 var stofnað frímúrarafélagið *North-*

ern Lights Masonic Club á Keflavík-urflugvelli af bandarískum varnarliðsmönnum og íslenskum starfsmönnum á velli. Þangað sóttu margir Suðurnesjamenn fundi, bræður sem unnu á velli, hvort heldur þeir voru búsettir á Suðurnesjum eða á höfuðborgarsvæðinu. Meðal þeirra var br. Benedikt Þórarinsson sem síðar varð fyrsti Stm. Stúkunnar, br. Eyjólfur Þórarinsson og br. Jóhann Líndal. Fyrir forgöngu þessara bræðra og annarra áhugasamra bræðra fékkst samþykki þáverandi SMR, br. Ásgeirs Magnússonar, til að stofna Fræðslustúka í Keflavík er væri undir vernd og umsjón St. Jóh.st. Mímis í Reykjavík. Áfram var unnið að undirbúningi og nutu heimamenn þar góðrar leiðsagnar br. Einars Birnis sem þá var Stm. Mímis og síðar br. Vilhjálms Jónssonar. Þann 9. apríl 1975 var stofnuð Fræðslustúka í Keflavík og voru stofnendur 27.

Formleg St. Jóh.st. var síðan

stofnuð 21. nóv. 1978 og voru stofnendur 36.

Sindri var fyrst til húsa að Víkurbraut 13 en árið 1992 var flutt að Bakkastíg 16.

Alls hafa fimm bræður setið í Stólmeistaraseti stúkunnar á þessum 30 árum, en þeir eru:

Br. Benedikt Þórarinsson frá 21. nóvember 1978.

Br. Jóhann Líndal Jóhannsson frá 15. febrúar 1983.

Br. Gunnlaugur Karlsson frá 28. apríl 1992.

Br. Björn Samúelsson frá 3. febrúar 1998.

Br. Halldór Vilhjálmsson frá 1. febrúar 2005.

Í tilefni afmælisins var gefin út bók um sögu stúkunnar. St. Jóh.st. Sindri býr nú við góðan húsakost og góðar aðstæður til að rækja frímúrarastarfið, enda hefur starfið ávallt verið öflugt og gott og aðsókn að stúkunni hefur verið góð.

Jónas Gestsson



Endurnýjaður armigersalur norska Frímúrararhússins.

Endurnýjaður armigersalur norsku Frímúrarareglunnar

Eftir að hafa verið í byggingu í hálf títíu ár var Regluheimili norsku Frímúrarareglunnar í Osló vígt 22. september 1894 af þáverandi Stm., Óskari II. konungi. Húsið og innviðir þess voru þá stolt og þrýði borgarinnar og líklega landsins alls. Það var því með sorg í hjarta sem bræðurnir litu aftur augum Regluheimilið árið 1945 eftir að þýskar hersveitir og norskir nasistar höfðu leikið það illa í þau rúmu fimm ár sem hernám Noregs stóð í síðari heimsstyrjöld. Fyrst höfðu þýsku hersveitirnir notað það til að hýsa menn og dýr, auk þess sem skotæfingar fóru þar fram og loks höfðu Quislingar



*eftir
Arne Hilmar
Andresen,
fv. minja-
vörð norsku
Frímúrarareglunnar*

áætlanir um að breyta húsinu í veitingastað og félagsheimili þarlendrar nasista.

Norskir frímúrarar urðu að bíða í nokkurn tíma að loknu hernáminu með að taka húsið í notkun að nýju.

Að hluta til helgaðist það af því að húsið hafði orðið fyrir miklum skemmdum og ekki fundarhæft í því en jafnframt af því að bandamenn notuðu húsið sem bækistöð og Rauði krossinn notaði það til að taka á móti Norðmönnum sem snéru úr fangavist í Þýskalandi. En uppbygging hófst að nýju og húsið var gert fundarhæft.

Hátíðarsalur Regluheimilisins var svo endurnýjaður sumarið 2006 í þeirri mynd sem hann var við vígsluna árið 1894 og skjaldarmerki Reglunnar í lofti hússins gert upp þannig að það er eins og það var fyrir 1940. Forsalurinn eða armigersalurinn var næsta stóra viðgerðar- og



Enn má sjá merki um veru þýskra hermanna og skemmdarverk þeirra í armigersalnum. Ákveðið var að lagfæra ekki eitt kúlagnat af ótalmörgum til að minna bræður á þann tíma. Á myndinni er dreginn hringur um kúlagnatið.

viðhaldsverkefni Reglunnar og var ráðist í það sumarið 2008. Þar hafði margt farið forgörðum, ýmislegt verið fjarlægð af nasistum eða þeir hreinlega málað yfir. Það var því talsverð eftirvænting í hugum margra bræðra þegar vinna hófst við að fjarlægja nokkur lög af málningu af veggjum og lofti salarins.

Að í salnum væri að finna einkenni fjögurra sænsk-norskra konunga – þeirra Karls Jóhanns XIV, Óskars I, Karls XV og Óskars II – kom engum á óvart. Að leifar skjaldarmerkja St. Jóh. St.st. Olaus den hvide Leopard og St. Andr.st. Oscar til den flammende Stjerne, skyldu koma í ljós, kom heldur engum á óvart. En að skjaldarmerki norsku umdæmisstúkunnar, sem starfaði frá 1870 – 1891, skyldi koma í ljós, kom bræðrunum hins vegar verulega á óvart. Ástæðan fyrir því að þetta skjaldarmerki var til staðar var líklega sú að þegar arkitekt hússins, br. Jóhannes Henrik Nissen, teiknaði innviði og skreytingar hússins, var það hluti af sænsku reglunni og ekki var reiknað með að hún yrði sjálfstæð meðan á byggingu hússins stóð.

Skjaldarmerki norsku umdæmisstúkunnar voru tveir stórir, hringlaga skildir en yfir þá hafði verið málað með olúmálningu og síðar með hefðbundinni málningu. Ekki reynd-

ist unnt að hreinsa svæðið þannig að upprunlegt skjaldarmerkið kæmi heilt undan málningunni, en út frá mynstri og útlínunum ásamt gögnum frá þeim tíma, reyndist unnt að mála aftur skjaldarmerkið í þeirri mynd sem það var rétt fyrir vígslu hússins. Jafnframt komu í ljós fjölmörg frímúraratákn sem málað hafði verið yfir í gegnum tíðina.

Þeir sem heimsótt hafa salinn síð-

ustu áratugi minnst hans eflaust sem salar í dökkum litum – rauðbrúnir veggir og þungar, brúnar hurðir. Nú hafa upprunalegir litir verið endurnýjaðir, í sal sem nú er mun léttara yfir í ljósari litum, ásamt endurnýjuðum súlum og viðgerðum sem margir fremstu iðnaðarmenn Evrópu hafa tekið þátt í. Að sjá salinn endurnýjaðan í upprunalegri mynd er heim-sóknarinnar virði.



Unnið að viðgerð armigersalar sumarið 2008.



Velkomin í Lauga-ás

Við leggjum sérstaka áherslu á að hafa á boðstólum ferskasta hráefni sem völ er á hverju sinni. Við erum þekkt fyrir fiskrétti okkar, fjölbreytni í matargerð og að bjóða rétti sem almennt eru ekki á markaðnum.

Munið minningarkort bræðranefndar

Hægt er að panta kort á heimasíðu
Frímúrarareglunnar www.frmr.is

Leiðrétting

Í grein um Freysteinn Gunnarsson er birtist í síðasta töl. Frímúrarans var sú leiða villa að rangt var farið með föðurnafn Þórarins tónskálds og fiðluleikara Guðmundssonar. Í greininni var einnig sagt að Freysteinn hefði ekki gegnt embættum í Reglunni en hið rétta er að hann var um skeið 2.v Y.St. og 1.v. Rm í Eddu og Rm. í Mími í fjögur ár. Er hér með beðist velvirðingar á þessum mistökum.



Langflottastur í lit...

Optima er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa

nashuatec

Gæðatæki á verði
sem kemur á óvart



Einfaldaðu reksturinn og lækkaðu
rekstrarkostnaðinn með nýrri vél
frá Nashuatec.

Prentaðu/ljósritaðu í lit eða
í svart/hvítu, skannaðu og faxaðu
með sömu vélinni.

Hafðu samband við sölumenn okkar
og sjáðu hvað við getum gert fyrir
þitt fyrirtæki.

Fremstir í prentækjum frá 1953

OPTIMA

Vinlandsleið 6-8 588 9000

www.optima.is

Húsvígsla á Selfossi

Laugardaginn 6. desember sl. á 25 ára afmælisfundi Röðuls vígði SMR Valur Valsson ásamt fylgdarliði, glæsilega viðbyggingu við stúkuhús Röðuls að Hrísmýri 1 á Selfossi.

Viðbyggingin sem er 277m² að grunnfleti er á tveimur hæðum. Á neðri hæð nýbyggingar er 184m² borðsalur ásamt eldhúsi en auk þess er millibygging á milli eldra hússins og þess nýja, þar sem er aðalinngangur hússins ásamt stiga og hjólastólalyftu á milli hæða. Á efri hæð nýbyggingarinnar er 61m² forsalur og stúkusalurinn 130m² sem er byggður þannig að hlutfall á milli lengdar og breiddar er samkvæmt gullinsniði en inn af honum er einnig rúmgóð geymsla.

Í eldra húsinu eru nú embættis-mannaherbergi þar sem áður var stúkusalur á efri hæðinni en einnig er þar bókasafn og skríðhús. Á neðri hæð eldra hússins er svo rúmgóð bræðrastofa. Húsið er einangrað að utan og klætt með ljósum steinflisum.

Við vígsluna var þétt setinn bekk-

urinn en til fundar mættu 210 bræður, víða komnir að. Þrátt fyrir mikinn fjölda gesta fór vel um alla, bæði í fundarsal og borðsal, og ber það merki þess hversu vel hefur til tekist við skipulag hússins enda Röðuls-bræður afar stoltir af því.

Starfsárið 2005/2006 var nokkur umræða meðal bræðra um húsnæðismál stúkunnar og fljótlega komu upp hugmyndir um fyrirkomulag hugsanlegrar viðbyggingar.

Í kjölfarið, eða þann 1. mars 2006, skipaði stólmeistari stúkunnar, Örn Grétarsson, undirbúningsnefnd fyrir viðbyggingu við Frímúrarahúsið að Hrísmýri 1 og skyldi hún skila skýrslu eigi síðar en 19. apríl 2006.

Nefndin skilaði niðurstöðum sínum á tilsettum tíma og var þá búið að útfæra nánar hugmyndir að viðbyggingu. Niðurstöður nefndarinnar voru í grófum dráttum þessar: Að byggð yrði viðbygging á tveimur hæðum við núverandi hús. Á neðri hæð yrði borðsalur (samkomusalur) ásamt eldhúsi. Á efri hæð stúkusalur og forsal-

ur ásamt geymslu. Nýbyggingin skyldi tengd við núverandi hús með millibyggingu þar sem jafnframt yrði aðalinngangur í bæði húsin og stigi og hjólastólalyfta upp á efri hæð.

Þá vann nefndin nokkuð ítarlega kostnaðaráætlun og fjármögnunaráætlun sem lögð var fyrir æðstaráð reglunnar og stúkuráð og skipaði það br. Jóhannes Harry Einarsson r.p.m. Hm.R til að annast frekari samskipti við Röðul um framvindu málsins.

19. apríl 2006 skipaði stólmeistari Röðuls svo byggingarnefnd vegna viðbyggingar við núverandi húsnæði Röðuls í Hrísmýri sem hefur haldið utan um framkvæmdina síðan.

Aðaluppdrættir hússins voru samþykktir í skipulags- og byggingarnefnd Árborgar þann 12. nóvember 2006. Á vormánuðum 2007 var uppsteypa hússins ásamt utanhússfrágangi boðin út í lokuðu útboði á meðal nokkurra verktaka á svæðinu. Smíðandi ehf. á Selfossi bauð lægst. Skrifað var undir verksamning við fyrirtækið 14. júní 2007 og hófst það þá strax handa við verkið. Smíðandi ehf. skilaði húsinu fulleinangruðu og tilbúnu undir múrverk að innan í lok febrúar 2008 en lauk við frágang utanhúss sumarið 2008.

Fenginn var verktaki á meðal bræðra til að smíða loft yfir stúkusal og annar í sandspörsulun veggja og málningarvinnu. Einnig var hluti af raflagnavinnu keyptur að en segja má að öll önnur vinna við innanhússfrágang hafi verið unnin í sjálfböðavinnu bræðrana. Sama má segja um alla jarðvinnu undir og í kringum húsið, vinnu við lagnir, hönnun, bæði aðal- og séruppdrátta fyrir húsið og framkvæmdaefirlit.

Frá því í september 2008 og fram að vígslu var góður hópur bræðra við vinnu flest kvöld og allar helgar í húsinu og hreint ótrúlegt hversu miklu var áorkað á stuttum tíma, enda myndaðist einstök stemmning á meðal bræðra og mikil samheldni í hópnum.

Fjöl margar góðar gjafir bárust stúkunnar einnig frá bræðrum í öðrum stúkum.

Byggingarnefnd Röðuls



Valur Valsson, Stórmeistari Frímúrarareglunnar á Íslandi klippir á borða er nýja húsið á Selfossi var formlega vígt. Til vinstri er Örn Grétarsson Stm. Röðuls. Ljós. Jón Svavarsson.

Viðbrögð við áföllum og mótlæti

Fræðslufundur í Regluheimilinu 16. nóvember 2008

Þann 16. nóvember 2008 var haldinn fræðslufundur í Regluheimilinu í Reykjavík með systur og bræðrum um viðbrögð við áföllum og mótlæti en það var Fræðaráð Reglunnar sem sá um fundinn.

Kveikjan að þessum fundi eru þær hremmingar sem þjóðfélag okkar er að ganga í gegnum, og höfðu margir bræður lýst yfir áhyggjum af framtíðinni, fjárhagslegum, félagslegum sem og persónulegum.

Ákveðið var í Fræðaráði, með samþykki SMR, að halda fræðslu- og kynningarfund um hvernig maðurinn almennt bregst við er hann verður fyrir áföllum og/eða mótlæti á lífsleiðinni en ekki sem nein „meðferð“. Þá væri einnig hægt að koma með leiðbeiningar um hvert viðkomandi gæti leitað til að fá andlegan stuðning og hjálp, þ.e.a.s. leita til fagfólks eins og geðlæknis, sálfræðings, prests, kirkju, félagssamtaka, vina, ástvina og sækja fundi í Reglunni.

Fundinn sóttu um 250 bræður og systur en hann var undir stjórn Kristjáns Þórðarsonar, R&K, varaoddvita Fræðaráðs. Lífligar umræður voru á fundinum og er óhætt að fullyrða að almenn ánægja hafi verið með hann. Erindi fluttu Halldór Kolbeinsson geðlæknir, Jóhann Loftsson sálfræðingur og Örn Bárður Jónsson sóknarprestur.

Viðbrögð líkamans við áfalli. Halldór Kolbeinsson geðlæknir

Íslendingar standa nú á miklum erfiðleikatímum sem stafar af fjármálakreppu er mun setja mark sitt og álag á margar fjölskyldur og hafa víðtæk áhrif á unga sem aldna. Áreitn eru stöðugri, það er ótryggt atvinnuástand, verðbólga, sem eykur óvissu um framtíðina og veldur neikvæðu viðhorfi. Allar þessar óeðlilegu aðstæður er stafa af fjármálaáföllum geta leitt til líkamlegra viðbragða sem við köllum streitu. En hvernig skynjar einstaklingurinn þessa streitu?

Líkaminn býr yfir streituhormónum sem leiða til þess að mikil orka

safnast fyrir og við finnum fyrir líkamlegum viðbrögðum; s.s. hjartað slær örar, blóðþrýstingur hækkar, lungun þenjast út, öndun verður tíðari, vöðvar spennast upp er valda skjálfta og stoðkerfisverkjum, húðin dælir út svita. Meltingarstarfsemi minnkar, fólk finnur fyrir ógleði, brjóstsviða og munnþurrki.

Pegar um er að ræða stöðuga langvarandi streitu þá eru ekki bara líkamleg einkenni sem við verðum vör við heldur líka tilfinningaleg viðbrögð t.d. einbeitingarleysi, óróleika, reiði, pirring, erfiðleika við að taka ákvarðanir og afköst minnka. Fólk getur fundið fyrir neikvæðum hugsunum, áhuga- og gleðileysi. Félagsleg tengsl minnka og það getur borið á svefntruflunum, hræðslu og kvíða sem geta þróast í svartsýni, vonleysi og þunglyndi.

Hvað er best að gera? Fyrst og fremst þarf hver að sinna sínum grunnþörfum, passa upp á svefn, næringu og losa út orkuna með því að hreyfa sig meira og gefa sér meiri tíma með fjölskyldunni.

Mikilvægt er að viðhalda og helst að auka félagsstarf, t.d. með því að sækja vel fundi og þekkt er að félagsleg virkni og stuðningur draga úr streitueinkennum. Vera síðan á varðbergi fyrir svefnleysi og tilfinningalegri vanlíðan og leita þá til fagfólks.

Áföll geta haft mikil líkamleg áhrif á einstaklinginn og það er því mikilvægt fyrir hvern og einn að gera sér grein fyrir hinum nánu tengslum milli streitu, heilsufars og félagslegs stuðnings. Mikil linnulaus og langvarandi streita leiðir til ýmiss konar vanlíðunar og er heilsuspillandi.

Andlegt og tilfinningalegt jafnvægi. Jóhann Loftsson sálfræðingur

Frá öröfi alda hefur mannskepnan gengið í gegnum tímabil sem hafa verið erfið og önnur þar sem allt hefur leikið í lyndi og lífsbardaginn verið auðveldur. Í milljónir ára hefur maðurinn sem dýrategund verið að þróa

hæfni líkamans til að takast á við jafnt ofgnógt sem hungur. Í að minnsta kosti 300 þúsund ár höfum við verið að þróast tilfinningalega til að gera okkur fær um að mæta þeim sveiflum sem við stöndum frammi fyrir í mannlegu samfélagi. Á þessum tíma hefur maðurinn þróað með sér fjölskrúðugt viðbragðamunstur til að takast á við bæði örbirgð, harðræði og skort og jafnframt að takast á við ofgnógt, ofát og vellystingar.

Leit mannsins að tækni til að halda tilfinningalegu og andlegu jafnvægi burt séð frá umhverfissveiflum er engan veginn lokið og hver og einn þarf að nota þau tæki sem okkur eru gefin af mikilli yfirvegum og ákveðni til að þau nýtist sem best en snúist ekki í höndum okkar og vinni gegn okkur. Það er nefnilega einkenni allra andlegra eiginleika mannsins að hann getur notað alla eiginleika sína fyrir sig eða gegn sér. Allir eiginleikar mannsins hafa jákvæðar og neikvæðar hliðar, allt aftir því hvernig viðkomandi notar eiginleika sína.

Í grunninn skiptist þróunarsaga mannsins í fimm þrep; líkama, skynjun, vitsmuni, tilfinningar og trú eða heimspeki. Að sjálfsögðu mynda þessi þrep eina heild en við skiptum þeim upp til að fá betri yfirsýn yfir þau.

Fyrsta þrepið í þróunarsögunni er þróun líkamans. Líkaminn þarf sýrfeðni, næringu og hreyfingu. Það er svo okkar að velja hvernig við förum með þetta merkilega tæki, líkamann. Ef við öndum grunnt og hægjum á súrefnisstreyminu til líkamans, sigum við eins og niður í létt þunglyndi og doða. Þetta er í sjálfu sér fin vörn þegar við þurfum að draga okkur inn í eigin skel og ná okkur eftir áfall eða erfiðleika. Hins vegar er þetta afleitt langtímaástand og leiðir til frumkvæðis- og bjargarleysis. Við getum magnað þetta ástand eins og okkur sýnist með óhöfi og stjórnleysi í matarræði og með því að hreyfa okkur sem minnst. Ef við ætlum að færast eitthvað í fang eða takast á við einhverja erfiðleika er þetta óskaplega



Framsögumenn á fundi Fræðaráðs: Halldór Kolbeinsson, Örn Bárður Jónsson og Jóhann Loftsson.

óheppilegt lífsmunstur. Hin leiðin stendur okkur líka til boða, að tryggja góða öndun með miklu súr-efnisflæði, borða holla og góða fæðu og efla hreyfingu þannig að við náum hámarksorku út úr líkamanum. Báðar þessar leiðir standa til boða og það er okkar að nota visku okkar og þekkingu til að velja þá leið sem við viljum fara.

Næst á eftir líkamsþróuninni tekur við þróun skynjunarinnar. Þar getum við að sama skapi valið hvort við hreyfum við skynfærum okkar með áreitum sem eru niðurbrjótandi, ljót eða grimmuðleg eða hvort við örvum þau með fegurð, fágun, göfgi og gleði. Allir þekkja hvernig það getur breytt hugarástandi manns að setja rétta plötu á fóninn. Við getum öll spilað á vellíðan okkar og vanlíðan með tónlist, myndlist, bragði, lykt og snertingu.

Vitsmunir okkar eru þeir þættir sem við dáum hvað mest og þar eru ótal möguleikar á að stjórna ástandi okkar. Við styrkjum okkur og verðum sæl við að glíma við uppbyggjandi verkefni með vitsmunalegum átökum, en með neikvæðum niðurrífandi hugsunum sem ekki krefja okkur um nein átök keyrum við okkur niður í þunglyndi og vonleysi.

Tilfinningalegi þátturinn í okkur er ef til vill sá litskrúðugasti og ef til vill sá kraftmesti. Við getum spilað á hatrið og fengið eins konar andlega næringu út úr því að rækta það með okkur. Á sama hátt getum við farið í eins og upphafið ástand með því að leitast við að hlúa að ástartilfinningum okkar.

Græðgi, píslarvætti, sjálfsvanmat, hroki, þrjóska og óþolinmæði hafa á sama hátt jákvæðar og neikvæðar hliðar sem við, með vilja okkar, get-

um valið hvernig við spilum með.

Samkennd okkar með mannkyninu og þörf fyrir að setja líf okkar í trúarlegt samhengi eða heimspekilegt er órjúfanlegur þáttur af þroska mannsins. Þar getum við valið hvernig við staðsetjum okkur gagnvart því sem við upplifum sem æðra vald yfir okkur. Við getum valið að setja okkur í þá stöðu að við séum öll meira og minna á sama ferðalaginu og séum samferðarfólk og jafnframt að því ferðalagi sé stjórnad af einhverju afli sem er meira en við hvert um sig. Hins vegar getum við líka skilgreint okkur sem einstaklinga sem eru al-einir hver fyrir sig án stærra eða æðra samhengis við mannkynið og jörðina.

Við stjórnnum ef til vill ekki því,

ÆÐRULEYSISBÆNIN

Guð, gefðu mér æðruleysi til að sætta mig við það sem ég fæ ekki breytt,

kjark til að breyta því sem ég get breytt og vit til að greina þar á milli.

Að lifa einn dag í einu, njóta hvers andartaks fyrir sig,

viðurkenna mótlæti sem friðarveg, með því að taka syndugum heimi eins og hann er,

eins og Jesús gerði en ekki eins og ég vil hafa hann

og treysta því að þú munir færa allt á réttan veg ef ég gef mig undir vilja þinn

svo að ég megi vera hæfilega hamingjusamur í þessu lífi

og yfirmáta hamingjusamur með þér þegar að eilífðinni kemur.

Amen

sem við lendum í á lífsleið okkar, en okkur er öllum útveguð vopn og verjur til að ákveða sjálf hvernig við bregðumst við og hvernig við látum okkur líða á því ferðalagi sem lífið er.

Hugbót vonarinnar.

Örn Bárður Jónsson sóknarprestur

Þegar sá vandi sem þjóðin glímir nú við er skoðaður í sögulegu samhengi má ljóst vera að hann stenst engan veginn samanburð við erfiðustu mál sem þjóðin hefur glímt við í rúmlega þúsund ára langri sögu sinni. Margir kalla ástandið sem nú ríkir kreppu. Hvaða orð á þá að nota yfir svartadauða sem hér geisaði 1402, stóru bólu 1707-9, móðuharðindin 1783-5, spænsku veikina 1918, sjóslýsin í aldanna rás, snjóflóðin og mannskaðana alla?

Kreppa eða ekki kreppa? Látum það liggja á milli hluta hvaða orð á að nota yfir ástandið sem við nú upplifum.

Við erum fámenn þjóð og búum í gjöfulu landi. Við hljótum að geta hjálpast að við að jafna kjör svo við getum öll lifað og komist sæmilega af á meðan efnahagslægðin gengur yfir.

Í Harmljóðum Jeremía spámanns eru orð (3.21-26) sem kunna að veita einhverjum hugbót í hremmingum samtímans eins og þau hafa gefið Gyðingum og kristnu fólki kraft í aldanna rás:

„En þetta vil ég hugfesta og þess vegna vona ég: Náð Drottins er ekki þrotin, miskunn hans ekki á enda, hún er ný á hverjum morgni, mikil er trúfesti þín. Drottinn er hlutdeild mín, segir sál mín, þess vegna vona ég á hann. Góður er Drottinn þeim er á hann vona og þeim manni er til hans leitar. Gott er að biða hljóður eftir hjálp Drottins.“



Frá endurlífgunarnámskeiði fyrir siðameistara.

Námskeið fyrir siðameistara

Haldið var endurlífgunarnámskeið fyrir lækna í Reglunni fædda 1940 og yngri sunnudaginn 8. mars og öryggisnámskeið fyrir siðameistara stúkna sem funda í Regluheimilinu. Öryggisnámskeiðin voru haldin dagana 14. og 15. mars á vegum Fræðslunefndar Fræðaráðs.

Leiðbeinendur voru Kristján Þórðarson, R&K, varaoddviti Fræðaráðs, Sveinn Geir Einarsson svæfingalæknir og Jónas Helgason forvarnafulltrúi.

FRÍSKIR FÆTUR ERU UNDIRSTAÐA ÁRANGURS...
LÁTTU EKKI FÚNA FÆTUR SKEMMA GOLFÞIÐ Í SUMAR.

RAKAKREM
MÝKJANDI KREM FYRIR BURRAR FÆTUR
SKÓSPREY

Scholl
 Foot Therapy
 Deep Moisturising Cream
 Continuous Hydration

Scholl
 CALLUS & Hard Skin Reducing Cream
 Reduces callus and hard skin in 7 days
 Softens & smoothes skin

Scholl
 Odour Control Shoe Spray
 Kills Bacteria
 Neutralizes Odor
 24HR PERFORMANCE

Scholl

FALLEGIR OG FRÍSKIR FÆTUR MED SCHOLL



Sigurður
Ingólfsson

Ferð

I

Þú leggur út á hafið.

Rétt eins og öldurnar
hafi ekki sagt þér að vera heima.

Þú siglir inn í myndina
sem kallar þig burt

í átt til sjóndeildarhrings.

II

Þrátt fyrir allt
er þinn bátur
stórskip.

Enginn mun nokkru
sinni taka það frá þér.

Þú mælir hann nefnilega út
með hjartanu.

Lunningarnar
eru dýrmæti

og hver þófta
er háseti.

Og yfir öllu
vakir himinninn.

Alveg óumbeðinn.

III

Þú horfir
í öldurnar.

Særótið
sem er
svipað
huganum

og það er sama
hvað þú reiknar út hafið,

það er alltaf
jafn ófyrirsjáanlegt.
Hvítfyssandi
eða kyrrlátt.

IV

Þú brettir upp ermar,
dregur djúpt andann

og rýnir
í hluti sem búa innra með þér
og fleyta þér áfram

yfir öldurótið
sem er rétt eins og það
sem fer um huga þinn.

Þú dregur fram
þekkingu sem þú veist
stundum varla af.

Fyrr en þú horfir
upp eftir mastri
sem tengir saman
himinn og haf,
nýjan morgun
og gamalt kvöld.

Stafn, skutur og mastur,
hornrétt yfir hafinu,
undir himninum
fleyta þér
nær sjóndeildarhringnum.

V

Það brakar
í brjósti þér.

Sponsgat opnast
á óvarlegum stað.

Veðragnýr
í fjarska kallar til þín.

Undir fótum þér
brestur í fjöl.

Árarnar
virðast sleipari
en þegar þú lagðir af stað.

Myrkrið í djúpinu
syngur þér ljóð,

seyðandi gutl
virðist allt að því
fárviðri.

Og himinninn
galopinn

líkt og hafið.

VI

Stjörnuskinn
gælir við vanga þinn.

Festingin
yfir þér
laumar að þér leyndarmálum
sem vísa þér leið.

Jafnvel
alla leiðina heim.

Karlsvagn
þeysir hjá.

Innra með þér
hrapa stjörnur.

Glæðurnar
læðast um fingurna.

Þeir grípa árina
sem skyndilega er haldreipi.

Taug niður í hafið
þaðan sem himinninn kallar.

VII

Þú horfir
í átt að sjóndeildarhring.

Þú hefur fiskað.

Þinn afli
býr í þóftunum,
í höndunum
og stjörmunum
sem falla
af himnum ofan
og glitra
þar sem sloppinn fiskur
flýtir sér burt.

Og eins og fiskurinn,
heldur þú heim á leið.

Yfir bárunnar,
undir himninum
og heim.

Vitandi fullvel
að þú leggur aftur á hafið.

Rétt eins og öldurnar
hafi ekki sagt þér að vera heima.



Marteinn H. Friðriksson sestur við hljóðfærið.

Vígsla pípuorgels að Ljósatröð

Það var mikil eftirvænting sem lá í loftinu þegar Hamars- og Njarðarbræður ásamt systurum voru búnir að koma sér fyrir í stúkusalnum að Ljósatröð 2, þann 12. október 2008. Því nú styttist óðum í að gestir fengju að heyra óþýða tóna frá hinu nýja og fagra pípuorgeli sem bræður í Hamri og Nirði voru búnir að safna fyrir á ótrúlega skömmum tíma.

Hugmyndinni að þessu stórvirki var hrundið af stað vegna hvatningar bróður okkar í Hamri, Gísla Erlendssonar, sem eitt sinn er hann var á fundi, fannst eins og handriðið á söngloftinu breyttist í orgelpípur. Hugmyndin lét hann ekki í friði, enda pípari, og á undra skömmum tíma var hann búinn að hrinda hugmyndinni í framkvæmd og á afmælisfundi Hamars þann 1. nóvember 2006 var formlega stofnaður orgelsjóður St. Jóh. stúknanna Hamars og Njarðar og skipað var nefnd til að vinna að málinu. Eyjólfur Þ. Haraldsson var skipaður formaður og fékk hann með sér nokkar frábæra bræður bæði úr Hamri og Nirði. Sem sérlegir ráðgjafar voru að sjálfsögðu söngstjórar

stúknanna, þeir Marteinn H. Friðriksson Hamarsbróðir og Úlrik Ólason Njarðarbróðir, sem því miður lést áður en verkinu lauk.

Söfnunin gekk mjög vel, enda margir sem lögðu hönd á plóginn. Það voru haldnir styrktartónleikar í Dómkirkjunni í Reykjavík, sem Marteinn H. Friðriksson skipulagði. Gunnlaugur Stefán Gíslason, listmálari og Hamarsbróðir, málaði mynd sem var fjölfölduð í 100 eintökum og seldist myndin mjög vel (nokkur eintök eru enn eftir). Eiginkona Gísla Erlendssonar, Svanhvít Magnúsdóttir leirlistakona, útbjó 100 glæsilegar könnur sem seldust á svipstundu. Vegleg matarveisla var haldin að Ljósatröð 2, og gaf hún góðan pening. Margir bræður gáfu einnig veglegar fjárhæðir, einn gaf kr. 40.000.- þar sem hann var búinn að vera 40 ár í stúkunni.

En veglegast gjöfin kom frá Eggerti Ísakssyni, fyrrverandi Stólmeistara Hamars, syni og tengdasyni, kr. 2.000.000, glæsilegt framlag og vel þegið.

Björgvin Tómasson orgelsmiður

var fenginn til að hanna og smíða orgelið. Öll samvinna við Björgvin var til fyrirmyndar og stóðust allir þættir, hvort heldur var verð, hönnun, uppsetning eða afgreiðsla, allt 100%.

Nú var stóra stundin runnin upp. Fyrstu tónarnir fóru að berast frá hljóðfærinu. Marteinn H. Friðriksson lék af mikilli nærfærni og blíðu, Eiríkur Hreinn Helgason bróðir okkar í Eddu söng með sinni fallegu, djúpu og þróttmiklu rödd og allir voru hugfangnir, ánægðir og glaðir. Stórmeistari Reglunnar, Valur Valsón, og kona hans heiðruðu samkomuna. Valur óskaði stúkunum til hamingju með orgelið og rómaði þann dugnað sem bræðurnir höfðu sýnt við að koma þessu veglega verkefni áfram á jafn skömmum tíma og raun bar vitni.

Það voru stoltir Stólmeistarar, þeir Már Sveinbjörnsson í Hamri og Ólafur H. Johnsson í Nirði, sem gengu út stúkugólfið að athöfn lokinni.

Jóhann Ólafur Ársælfsson



Fulltrúar norrænna frímúrarabræðra á Regluhátíð 2009: Jens E. Lassen IVR dönsku Reglunnar, Ib Andersen DSM dönsku Reglunnar, Hans Martin Jepsen SMR dönsku Reglunnar, Valur Valsson SMR, Ivar Anstein Skar SMR norsku Reglunnar, Magne Frode Nygaard fyrrv. SMR norsku Reglunnar, Karl Eric-Erikson IVR sænsku Reglunnar, Anders Strömberg DSM sænsku Reglunnar. Ljós. Bjarni Ómar

Regluhátíð 2009

Regluhátíð var haldin 17. janúar 2009 undir stjórn SMR, Vals Valssonar, og sátu ríflega 400 bræður fundinn. Hann hófst með flutningi Frímúrarakórsins, undir stjórn Jóns Kristins Cortes og einsöngs Ívars Helgasonar á „Gengið til starfa“ eftir Mozart og sáu þeir Jónas Þórir Þórisson á orgel og Hjörleifur Valsson á fiölu um undirleikinn.

Þá bauð SMR bræðurna velkomna til Regluhátíðar. St.KM, br. Úlfar Guðmundsson, flutti ávarp og lagði út frá tímanum. Hvatti hann bræðurna til að nýta tímann vel, vera til fyrirmyndar og eftirbreytni fyrir aðra.

Fleiri tónlistaratriði voru flutt af Frímúrarakórnum, Jónasi Þór, Einari Clausen, Hjörleifi Valssyni, Ívari Helgasyni, Örnólfi Kristjánssyni og Eiríki Hreini Helgasyni.

Í ávarpi sínu sagði SMR frá því hvernig bræður og jafnvel þeir sem einungis koma í Regluheimilið á jólaball, upplifi í húsinu frið og ró. Hvernig dýrmætt sé að eiga eitthvað sem standi allt af sér, jafnvel á um-

brotatímum þegar fæst er óhult og flestu umturnað. Á fundum eigi frímúrarar skjól fyrir slagveðri heims og geti hvílt hugann frá áhyggjum og kvíða, umluktir hlýju og bróðurkærleika, studdir af bróðurhönd sem hjálpi þeim til að takast á við vandamálin af æðruleysi. Í Regluheimilinu geti bræður endurnýjað krafta sína og styrkt sig í baráttu hversdagsins.

Jafnframt skýrði SMR frá því að tvær nýjar stúkur séu í burðarliðnum. Hádegisstúka sem ætlað er að mæta þörfum eldri bræðra og annarra sem af ýmsum ástæðum geta ekki sótt kvöldfundi eða setið langan fund og verður henni stýrt af br. Jóhannes Harry Einarssyni. Ennfremur Rannsóknarstúka sem ætlað er að efla rannsóknir á fræðum frímúrarar og gangast fyrir fyrirlesturfundum og umræðum um málefnið. Henni mun br. Haukur Björnsson stýra.

Þá tilkynnti SMR að fv. Hersir, Karl Guðmundsson, hefði fært Reglunni að gjöf persónulega eign sína sem er á vinnustofu hans í

Regluheimilinu. Fjöldi bóka og hundruð skjala. Þar á meðal er þýðing á öllum fræðabálkum Eckleffs úr fornri sænsku sem er hreint þrekvirki og Reglunni mikils virði.

Fjórir Stólmeistarar, sem létu af störfum á árinu, þeir Kristján Þórðarson Heklu, Pétur A. Maack Hlín, Jóhann H. Jóhannsson Glitni og Gunnar Ólafsson Akri fengu Starfsmerki Stólmeistara.

Eftir hátíðarfundinn stjórnaði SMR veislustúku. HSM, br. Allan Vagn Magnússon, ávarpaði SMR. IVR, hæstuppl. br. Þorsteinn Sv. Stefánsson ávarpaði erlenda gesti, sem voru að þessu sinni eftirfarandi bræður: Frá Danmörku Hans Martin Jepsen SMR, Ib Andersen DSM og Jens E. Lassen IVR. Frá Noregi Ivar A. Skaar SMR, Magne Frode Nygaard fv. SMR, og Kaare Terland IVR Frá Svíþjóð Anders Stromberg DSM.

Ivar A. Skaar þakkaði fyrir hönd gesta.

EIRVÍK

www.eirvik.is



www.kjarnafaedi.is

Bananar

www.banarar.is

BONUS

www.bonus.is



Grand


RÁÐSTEFNUR OG VEISLUHÖLD

Hjá **Grand Hótel Reykjavík** leggjum við okkur fram um að bjóða bestu og tæknilega fullkonnustu ráðstefnuaðstöðu á landinu.

Á hótelinu er frábær aðstaða fyrir 6–450 manna ráðstefnur, 14 funda- og veislusalir og aðstaða fyrir stórsýningar og stórar og smáar veislur. Fjarfundir og beinar útsendingar.

Grand Hótel Reykjavík / Sigtúni 38 / 105 Reykjavík
Sími 5148000 / Fax 5148030 / www.grand.is / radstefnur@grand.is

Grand
HÓTEL
REYKJAVÍK



FRATER.IS
VEFVERSLUN
ALLT SEM FRÍMÚRARINN ÞARFNAST

WWW.FRATER.IS

REAL MOTHER OF PEARL

WWW.FRATER.IS
PÍPUHATTAR - ERMAHNAPPAR - SKYRTUHNAPPAR
NÆLUR - PINNAR - SVERÐ - SEDLAVESKI
LYKLAKIPPUR - KVEIKJARAR - HANSKAR

mbl.is

**Munið minningarkort bræðr-
anefndar**

Hægt er að panta kort á heimasíðu
Frímúrarareglunnar www.fmr.is

karlmenn

Ekran

www.ekran.is

Skildirnir heim

Á Regluhátíð 13. janúar 2007, afhenti br. Hans Martin Jepsen, S.M.R Frímúrarareglunnar í Danmörku, íslensku Frímúrarareglunni tvo skildi að gjöf. Þeir eru skjöldur St. Jóh.st Eddu og St. Andr.st. Helgafells. Þessir skildir hafa aldrei fyrr verið hér og voru smíðaðir í Danmörku á sínum tíma og hafa prýtt veggi „Armigersalarins“ í „Stamhúsinu“ eða Regluheimili bræða okkar í Kaupmannahöfn. Þeir eru frábrugðnir núverandi skjöldum Eddu og Helgafells, m.a. er kórónan danska konungskórónan en á okkar skjöldum er það hertogakóróna. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem bræður okkar í Danmörku sýna okkur slíkan höfðingsskap og vinarþel.



Frá Regluhátíð 13. janúar 2007 þegar skildirnir voru afhentir. F.v.: Br. Halldór Guðbjarnarson, Stm. Eddu, br. Steinn Guðmundur Halldórsson, Stm. Helgafells, br. Hans Martin Jepsen, S.M.R. og br. Sigurður Örn Einarsson, S.M.R.

Kyngimagnaður axlarborði



Á minjasafninu er þessi merki-
legi axlarborði sem lætur ekki mik-
ið yfir sér við fyrstu sýn. En þegar
saga hans er skoðuð nánar kemur
annað í ljós.

Borðinn sem er 6. gr. borði er
gjöf frá br. Richard Braun en hann
var í bræðrafélaginu Eddu 1914.
Samkvæmt frásögn br. Sveins Ka-
aber rak Richard Braun verslun í
Austurstræti í Reykjavík, en þegar
fyrri heimsstyrjöldin skall á
1914 fluttist hann til Þýskalands og
gekk í þýska herinn. Til er frásögn
um tilurð borðans sem br. Helgi P.
Briem skráði og er hún eftirfar-
andi:

Á fyrsta fundi St. Jóh.st Eddu
starfsárið 1969/70, þann 30. sept-
ember 1969, afhenti Stm. Eddu, br.

Sveinn Kaaber, mér undirrituðum axlarborða 6. stigs
til vörslu í safni Frímúrarareglunnar. Fylgdi afhendingunni sú frásögn, að hann væri fenginn frá Richard
N. Braun, kaupmanni, sem hafði þrjár verzlanir hér á
Íslandi um eitt skeið.

Braun var áhugasamur frímúrarari og hafði fengið 5.
stig Reglunnar í Þýsklandi, en þar er þessi borði 5.
stigs borði. Það er sérkenni þessa þýska borða, að
hafa fimmhyrnda stjörnu. Hún snýr þó svo að tvö
horn snúa upp en eitt niður, en það er talið andsnúið
okkar merkjum. Af tilviljun og fyrir mistök var þessi
borði afhentur einhverjum íslenskum bróður og

kvaðst Sveinn oft hafa leitað í geymslu 6. stigs, til að
sjá hvort borðinn hafi borist þangað aftur. Það var
ekki fyrr en í sumar sem hann rakst á hann aftur og
tók hann þá í sína vörzlu til afhendingar í safnið.
Rakti hann síðar sögu Brauns, sem virtist mikill
hörmungarmaður. Hann tók þátt í fyrri heimsstyrj-
öldinni og særðist þá. Er Hitler komst til valda árið
1932 og tók sér einræðisvald árið 1933, var Reglan of-
sótt og hver stúkan af annarri var lögð niður. Braun
mun hafa afhent borðann til vörslu 1934 eða 1935.

Í seinna stríðinu missti Braun alla þrjá syni sína og
kona hans hljóp frá honum. Hús hans var eyðilagt af
sprengingu en hann vann fyrir sér með því að vera
túlkur þýska hersins í Noregi.

Eins og kunnugt er voru byggingar Frímúrarara í
Þýskalandi rændar og brenndar af nasistum.

Er ég tók við borðanum kvaðst ég vona að sú ógifta
sem hafði fylgt Braun fylgdi ekki þessum borða, en
daginn eftir fór ég með hann til fjölkunnugrar konu,
sem ég þekkti og afhenti henni hann í pappaöskju. Er
hún tók við henni sagði hún strax: „Æ, hver ósköp eru
þetta. Það eru allar víbrasjónir rangar. Og svo sterk-
ar.“ Sagðist hún ekki geta snúið víbrasjónunum rétt
en ef til vill gæti hún „neutraliserað“ þær, svo hlutur-
inn gerði ekki ógagn.

Endurtók hún vígsluna þrisvar sinnum, áður en
henni fannst stjarnan hlutlaus. En þar sem Reglan
væri mjög opin fyrir víbrasjónum ráðlagði hún að láta
stjörnunna liggja flata en ekki hanga uppi, svo að horn-
in tvö snéru upp, því þá gæti hún magnast aftur.



Frá Minjasafni Reglunnar

Jón Þór Hannesson
Minjavörður



Neutral



Ikke tilsat parfume,
optisk hvidt
og farvestoffer

DEKL
MED AS



En holdning til følsom hud

Neutral[®]



Ikke tilsat parfume,
optisk hvidt
og farvestoffer



DEKLARERET I SAMARBEJDE
MED ASTMA ALLERGI FORBUNDET



En holdning til følsom hud



Neutral

skyllemiddel



Ikke tilsat parfume
og farvestoffer

4 x koncentreret



En holdning til følsom hud

Gleðilegt sumar

*Kæri veiðimaður,
Velkominn í Veiðihornið.
Leyfðu okkur að hjálpa þér að
gera veiðiferðina þína ánægjulega.
María og Óli*



VEIÐIHORNIÐ